

M-16/2010 Álit 12. mars 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-16/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á saumavinnu hjá Y. Álitsbeiðandi telur að fyrir saumaskapinn hafi hún greitt kr. 7.392 meira en henni hafi borið og vill fá þá fjárhæð endurgreidda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. febrúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bærust þau 25. febrúar. Með bréfi, dags. 1. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 8. mars. Með bréfi, dags. 8. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur aðila

Álitsbeiðandi leitaði til Neytendasamtakanna sem skrifuðu seljanda bréf, dags. 11. nóvember sl. Þar kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt 16,5 metra af svokölluðu A efni sem var 3 metra breitt. Einnig bað hún um að saumað yrði úr efninu og var henni tjáð að saumur á hverjum metra kostaði kr. 800. Heildarkostnaður við kaupin og saumana yrði kr. 75.540 og þar af kostaði saumaskapurinn kr. 55.200. Álitsbeiðandi greiddi það sem seljandi setti upp.

Efnið var sniðið niður á þverveginn í 6 lengjur, 4 voru af breiddinni 3,30 m og 2 af breiddinni 1,65 m sem er samtals 16,5 metrar og svarar lengdinni á efninu sem álitsbeiðandi keypti. Saumur á báðum þessum hliðum efnisins var því 33 metrar og deila aðilar ekki um það.

Sídd hverrar lengju svaraði breidd efnisins eða 3 metrum. Að beiðni álitsbeiðanda átti að minnka síddina í 2,23 metra. Seljandi faldaði efnið áður en það var stytt og reiknar því 3 metra saum á hverja hlið eða 36 metrum samtals (12 hliðar x 3 metrar). Álitsbeiðandi telur hins vegar að henni beri ekki að greiða fyrir lengri saum en nemur sídd efnisins eins og það var að frágangi loknum eða 2,23 metra x 12 eða samtals 26,76 metra. Munurinn sem álitsbeiðandi reiknar er því 77 cm á hvern saum sem sinnum 12 nemur 9,24 metrum og hafi seljandi því oftekið fyrir saumaskapinn kr. 7.392 (9,24 m x kr. 800 = kr. 7.392) og vill fá þá fjárhæð endurgreidda.

Seljandi bendir á að 30 cm fari í tvöfaldan fald og tveir cm undir borða og þá verði eftir 45 cm af efninu sem álitsbeiðandi hafi fengið í sínar hendur. Þótt ekki komi það fram í bréfi seljanda til Neytendasamtakanna og andsvörum hans má draga þá ályktun af þessum upplýsingum að krafa álitsbeiðanda gæti ekki orðið hærri samkvæmt aðferðum hennar við útreikninga en kr. 4.320 (0,45 m x 12 x kr. 800 = kr. 4.320). Þá

segir seljandi að aðrar aðferðir við saumaskap á A-efni séu ekki fyrir hendi og hafi hann skapað sér vinnureglur um það.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Álnabæjar ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Í d-lið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að þau lög gildi ekki um samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans. Hér hagar svo til að af kr. 75.540 sem álitsbeiðandi greiddi seljanda voru kr. 55.200 fyrir saumaskap. Af því leiðir að telja verður viðskipti aðila falla undir þjónustukaupalög nr. 42/2000.

Í 4. gr. laga nr. 42/2000 segir eftirfarandi:

„Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.“

Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir eftirfarandi:

„Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.“

Í 6. gr. laganna er gerð grein fyrir því hvað telst vera galli á seldri þjónustu og er í 1. tl. 1. mgr. greinarinnar sagt að seld þjónusta teljist gölluð standist árangur af unnu verkið ekki kröfur samkvæmt 4. gr.

Þegar álitsbeiðandi keypti þjónustuna af seljanda var henni, samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins, gerð grein fyrir því hvað hvort um sig, efni og vinna, kostaði og hve mikið kostaði að sauma hvern metra af efninu. Álitsbeiðanda var að vísu ekki gerð sérstök grein fyrir þeirri aðferð seljanda við saumana að falda allt efnið áður en það var stytt sem hefði þó verið rétt til þess að síður færi á milli mála hvernig kostnaður við saumaskapinn var reiknaður. Þótt kærunefndin treysti sér ekki til þess að taka afstöðu til þess hvort aðferð seljanda við saumana var nauðsynleg, eða öruggari til þess að frágangur yrði betri, en að stytta efnið áður en saumað var, er það engu að síður álit kærunefndarinnar að seljandi hafi veitt álitsbeiðanda nægilegar upplýsingar svo að telja megi þær vera í samræmi við þær greinar laga nr. 42/2000 sem raktar eru hér að framan. Hér má og hafa í huga að munurinn á þeirri aðferð við saumaskapinn sem seljandi beitti og þeirri sem álitsbeiðandi telur að hann hefði átt að beita hafði einungis kostnaðarauka í för með sér sem nemur kr. 4.320. Samkvæmt því sem að framan segir er það álit kærunefndarinnar að ekki hafi verið galli á þjónustu seljanda í skilningi laga nr. 42/2000 og því beri að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir